

Fundargerð

16. fundur Samstarfsnefndar Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar haldinn í Seiglu og í fjarfundi, 27. janúar 2021, kl. 15:00.

Fundinn sátu:

Arnór Benónýsson, Helgi Héðinsson, Margrét Bjarnadóttir, Jóna Björg Hlöðversdóttir (fjarf.), Ragnhildur Hólm Sigurðardóttir, Friðrik K. Jakobsson, Dagbjört Jónsdóttir, Róbert Ragnarsson (fjarf.), Jón Hrói Finnsson og Sveinn Margeirsson.

Fundargerð ritaði: Jón Hrói Finnsson, verkefnisstjóri.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar - 2101028

Fundargerð 15. fundar borin upp til staðfestingar.

Fundargerð staðfest

2. Íbúasamráð - 2009006

Farið yfir stöðu mála varðandi skipulag og undirbúning íbúafunda. Velja þarf umræðustjóra og ritara fyrir umræður í hópum á fundunum.

Róbert sagði frá fundi með fulltrúum Mývatnsstofu og tæknimönnum. Rætt um skipulag og efnistösk funda. Ákveðið að ráðgjafar setji saman minnisblað fyrir þá sem verða á heimastöðvum með leiðbeiningum og helstu upplýsingum.

Formaður opnar fundi og hefur samræmdan inngang á fundunum og kynning á fyrirkomulagi.

Huga þarf að sóttvarnareglum þannig að ekki séu meira en 20 í hverju rými.

Tryggja þarf gott hljóð og mynd í þeim rýmum sem verða notuð (tölva, skjávarpi, hátalari). Þurfum að reikna með allt að 30 á hverjum stað.

Ákveðið að senda póst á aðal- og varamenn, auk sveitarstjórnarfulltrúa og láta vita að mætingu þeirra sé vænst á fundunum og að leitað verði til þeirra um umræðustjórnun eða ritun umræðupunkta ef á þarf að halda.

3. Starfshópar - 1911021

Bætt við boðaða dagskrá.

Róbert fór yfir drög að minnisblaði um fjármál og stjórnsýslu.

Fundi slitið kl. 17:10.

Arnór Benónýsson

Helgi Héðinsson

Margrét Bjarnadóttir

Jóna Björg Hlöðversdóttir

Ragnildur Hólm
Sigurðardóttir

Friðrik K. Jakobsson
